

að hann eigi hafi gjörzt sekur í lagabroti, heldur verður hann 1874.
að hafa hegðað sér svo, að hann sæ maklegur þeirrar náðar, sem 4. febrúar.
hann sækir um.

Skjöl þau, sem fylgdu með bænarskránni, sendum vèr aptur með bréfi þessu.

8. Konungleg Auglýsing til Íslendinga um það, að 14. febrúar. út sæ komin stjórnarskrá um hin sérstaklegu málefni Íslands. (á Íslenzku og Dönsku).

Vèr Christian hinn Níundi, o. s. frv. Gjörum kunnugt: Alþingi, sem saman kom árið sem leið, hefir í þegnlegu ávarpi til Vor farið þess á leit, að Vèr — samkvæmt því, sem einnig er látið í ljósi í bænarskrá frá hinu sama alþingi — vildum gjöra yfirstandandi ár enn þá atkvæðismeira fyrir Íslendinga með því að gefa Íslandi stjórnarbót, er veitti alþingi fullt löggjafarvald og fjárforræði, og sem að öðru leyti væri svo frjálssleg, sem framat væri unnt.

Vèr höfum síðan á ný látið sem nákvæmlegast íhuga stjórnarskipunarmál Íslands, og er árangurinn af því orðinn sá, að Vèr einn af hinum fyrstu dögum ársins með Voru konunglega nafni höfum löghelgað stjórnarskrá um hin sérstaklegu málefni Íslands, sem að mestu leyti er byggð á frumvarpi því til stjórnarskipunarlaga, sem lagt var fyrir alþingi árið 1871, en þó hefir sérstaklega verið tekið tillit til þeirra atriða, sem tekin voru fram í fyr nefndri bænarskrá alþingis.

Jafnframt og Vèr birtum þetta Vorum trúu og kærnu þegnum á Íslandi, finnum Vèr hvöt til þess að lýsa yfir allrahestu ánægju Vorri með, að hið íslenzka stjórnarskipunarverk, sem svo lengi hefir verið starfað að, þannig er nú alveg til lykta leidd, og sömuleiðis viðurkenning Vorri og þakklæti fyrir traust það, sem fulltrúar landsins hafa auðsýnt Oss með því að fela það fyrirhyggju Vorri á þann hátt, sem sagt var, að koma fullnaðarskipun á um þetta mikilvæga málefni.

1874.

14. febrúar.

Það er von Vor, að Vorir trúu Íslendingar taki á móti gjöf þeirri, sem Vör þannig af frjálsu fullveldi höfum veitt Íslandi, með hinu sama hugarfari, er hún er spröttin af, og að það verði viðurkennt eigi að eins, að þá er stjórnarskráin var samin hafi verið tekið svo sem unnt var tillit til þeirra óska, sem fram eru komnar frá Íslands hálfu, að svo miklu leyti, sem þær gátu samrímzt við það, að þeirri stjórnarskipun ríkisins, sem nú á sér stað, yrði haldið óbreyttri, og þá nauðsyn, sem á því er, að lög þau, sem hér ræðir um, komi fram í því formi, sem samsvari eðli þeirra sem endilegra stjórnarskipunarlags, heldur einnig, að Vorum kæru þegnum á Íslandi sé með stjórnarskránni yfirhöfuð veitt svo mikið frelsi og þjóðleg réttindi, að skilyrðunum fyrir öflugum og heillarikum framförum landsins bæði í andlegum og líkamlegum efnum sé með því fullnægt.

En eigi sáðkorn það, sem falið er í stjórnarbótinni, að geta borið ávöxtu, þarf til þess, að lýður og stjórn leggist á eitt um að vinna að því í eindrægni, sem er sameiginlegt mark og mið hvorutveggju, sem er framfarir og hagsæld landsins, og treystum Vör því staðfastlega, að Vorir trúu Íslendingar með því að neyta hyggilega frelsis þess, sem þeim er veitt, vili styðja viðleitni Vora, til þess að þessu augnamiði verði náð.

Einkar geðfellt hefir það þar að auki verið Oss, að framkvæmd þessarar mikilvægu gjörðar samkvæmt ósk alþingis hefir getað átt sér stað einmitt á því ári, er þess verður minnzt, að 1000 ár eru liðin síðan Ísland fyrst byggðist, og að þá hafi byrjað þjóðarlíf, sem einkum með því að halda við máli forfedranna og færa í sögur afreksverk þeirra, hefir verið svo mikilsvert fyrir öll Norðurlönd.

Um leið og Vör í tilefni af hátíð þeirri, sem í hönd fer, sendum öllum Vorum trúu og kæru þegnum á Íslandi kveðju Vora og Vorar beztu heilla- og hamingjuóskir landinu til handa um ókominn tíma, sameinum Vör því vonina um, að sá tími muni koma, að umskipti þau á stjórnarhögum Íslands, sem nú standa til, verði einnig talin í sögunni sem atkvæðamikill og happasæll viðburður fyrir Ísland.